

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 24.1.2022  
Tilvísun: 20220103381

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um styrki til rekstraraðila veitingastaða sem sætt hafa takmörkunum á opnunartíma – þskj. 332, þingmál 232**

Ríkisskattstjóri hefur þann 20. október sl. móttengið tölvupóst frá nefndasviði Alþingis þar sem embættinu er gefinn kostur á því að veita umsögn um ofangreint þingmál. Telur ríkisskattstjóri tilefni til eftirfarandi ábendinga vegna frumvarpsins eins og það liggur nú fyrir:

Frumvarpi þessu er ætlað að stuðla að því að rekstraraðilar sem sökum heimsfaraldurs COVID-19 hafa orðið fyrir verulegu tekjufalli vegna takmarkana á opnunartíma veitingastaða geti viðhaldið nauðsynlegri lágmarksstarfsemi á meðan áhrifa takmarkanna gætir, varðveitt viðskiptasambönd og tryggt viðbúnað þegar úr rætist.

Ríkisskattstjóri bendir á að verði frumvarp þetta að lögum mun óhjákvæmilega nokkur tími líða frá því tímamarki og þar til rekstraraðilar geta sótt um styrki. Helgast það m.a. af því að nú er unnið að öðrum úrræðum sem samþykkt hafa verið, og þá eru í febrúar á dagskrá embættisins lögbundin verkefni sem snúa að gagnaskilum og undirbúningi fyrir álagningu opinberra gjalda.

Þá er rétt að nefna að þótt úrræði samkvæmt þskj. 332, 232. mál, sé keimlíkt nokkrum fyrri úrræðum til handa rekstraraðilum vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins, þá er aðferð við útreikning á þessum styrkjum til veitingastaða örlítið frábrugðin því sem áður hefur verið lögfest. Þetta kann að hafa einhver áhrif á það hversu fljótt er unnt að koma framkvæmdinni á afgreiðslu styrkja þessara í gagnið.

Virðingarfyllt,  
f.h. ríkisskattstjóra

Helga Valborg Steinarsdóttir



Kristín Gunnarsdóttir

